



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2020

FÉLA3AB05

Kennari	Bogi Ragnarsson, bogi.ragnarsson@fss.is, https://k.fss.is/
Viðtalstími	Fimmtudagar frá 10:05-10:45
Kennsluefni	Bogi Ragnarsson. (2020). <i>Afbrotufræði</i> . Reykjanesbær. Óútgefið efni. Helgi Gunnlaugsson. (2018). <i>Afbrot og íslenskt samfélag</i> . Reykjavík: Háskólaútgáfan. Siegel, L., J. (2017). <i>Criminology: The Core</i> , 6th Edition. Boston: Cengage Learning. Efni frá kennara.
Áfangalýsing	Framhaldsáfangi í afbrotufræði þar sem lögð er áhersla á að þjálfa nemendur í að beita gagnrýnni hugsun. Farið verður í viðfangsefni afbrotufræðinnar á ítarlegri hátt en í afbrotufræði I og ný viðfangsefni tekin fyrir eins og t.d. íslenskar rannsóknir í afbrotufræði, þróun refsinga, alþjóðlegur samanburður, greiningu afbrotatíðni eftir sveitarfélögum, birtingamynd afbrota í fjölmiðlum, rafræn afbrot, afbrot innan fjölskyldunnar, tengsl félagslegrar stöðu og afbrota og aðferðir til að draga úr afbrotatíðni. Farið verður á ítarlegri hátt í kenningar og rannsóknaraðferðir greinarinnar með það að markmiði að nemandinn verði fær um að lesa fræðin með gleraugum kenninga og verði gagnrýnninn á vísindalegan og uppbyggjandi hátt. Þá er lögð áhersla á að nemandinn geti beitt kenningum og vísindalegri hugsun við greiningu á raunverulegum viðfangsefnum. Markmiðið er að auka skilning, túlkun, leikni og færni nemandans í að nota kenningar rannsóknarniðurstöður og rökhugsun með það að markmiði að geta lagt fram stefnumótandi tillögur.

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 3 tímar x 20 mín	15 klst.
Heimapróf	22 x 0,5 klst	11 klst.
Ritanir	15 x 0,5 klst	7,5 klst.
Rökræður	3 klst	3 klst.
Kynningar	3 klst	3 klst.
Heimasíðugreiningar	4 klst	4 klst.
Verkefnabók	100 x 10 mín	16.5 klst.
Alls		120 klst = 5 feín*

*Viðmið um fjölda eininga

Virðing, samvinna og árangur

Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 – 120 klst.

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu rannsóknum, hugmyndum, kenningum
- Helstu hugtökum sem greinin notar og þeim sviðum sem hafa bæst við í afbrotafræði á síðustu árum og áratugum
- Hugsunarhætti afbrotafræðinga í fortíð og nútíð
- Tilgangi afbrotafræðinnar og markmiðum greinarinnar við að draga úr afbrotatíðni
- Þáttum eins og t.d. kenningum um félagslega sköpun, íslenskri afbrotafræði, skipulagðri glæpstarfsemi, tengslum félagslegrar stöðu og afbrota, afbrota innan fjölskyldunnar, þróun refsinga, afbrotum í alþjóðlegu samhengi, þróun afbrota á Íslandi, birtingamynd afbrota í fjölmiðlum, afbrotum og rafrænum miðlum, afbrota innan samskiptamiðla, mannhvörfum, ítrekunartíðni afbrota og aðferðum til að draga úr afbrotatíðni

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina rannsóknir í afbrotafræði og setja upp slíkar rannsóknir
- Nýta kenningar í afbrotafræði á raunveruleg viðfangsefni

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta skýrt greint og nýtt þekkingu og leikni við að greina almenn viðfangsefni afbrotafræðinnar sem finnast í daglegu lífi
- Nýta sér ólík kenningaleg sjónarhorn afbrotafræðinnar til að fást við og greina ólík viðfangsefni
- Nýta sér rannsóknaraðferðir afbrotafræðinnar til að fást við og greina ólík viðfangsefni á kerfisbundinn og rökrænan hátt
- Nýta sköpunarmátt og aðferðir til þekkingaröflunnar
- Gera sér grein fyrir aukinni þekkingu og þannig að öðlast aukið sjálfstraust í athöfnum daglegs lífs og sem fræðimaður

Virðing, samvinna og árangur

<ul style="list-style-type: none"> • Greina mun á afbrotum í raunveruleikanum og hvernig afbrot birtast í fjölmiðlum. • Nýta sér skilning á því hvernig t.d. ólíkir félagslegir, líffræðilegir og sálfræðilegir þættir hafa áhrif á afbrot og móta eiginleika til að yfirfæra þekkingu á raunveruleg viðfangsefni • Nýta sér til að greina eðli og umfangi afbrota í samfélaginu og á milli samfélaga. • Skýra og túlka afbrot í raunveruleikanum sem afurð félagslegrar sköpunar. • Skýra og greina skipulagða glæpstarfsemi, tengsl félagslegrar stöðu og afbrota, afbrota innan fjölskyldunnar, þróun refsinga, afbrot í alþjóðlegu samhengi, þróun afbrota á Íslandi, birtingamynd afbrota í fjölmiðlum, afbrot og rafræna miðla, afbrota innan samskiptamiðla, mannhvörf, ítrekunartíðni afbrota og aðferðir til að draga úr afbrotatíðni 	
---	--

<p>Námsmat og vægi námsmatspátta</p>	<p>Áfanginn er próflaus. Hvert krossaverkefni er 20-25 spurningar. Hvert tímapróf er 40-60 blandaðar spurningar og tekið í pörum. Til að ná áfanga þarf að ná 5 í vinnueinkunn á önninni og færri en 12 fjarvistir í raunmætingu. Athugið að ekki skiptir máli hver ástæða fjarvistarinnar er (veikindi, þar með talin vottorð, leyfi eða annað).</p> <p>Skólareglur gilda í þessum áfanga og skulu nemendur og kennari koma fram af háttvísi.</p>
---	--

Námsmat	
Heiti	Vægi
Vinnubók	25%
Krossaverkefni	20%
Kaflapróf	10%
Rökræður	5%
Ritanir	20%
Munnleg próf	5%
Kynning	5%
Heimasíðugreiningar	10%

Virðing, samvinna og árangur

Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund nema þegar farsímar eru nýttir sem námstæki. Skólareglur gilda í þessum áfanga og skulu nemendur og kennari koma fram af háttvísi.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Jákvæðni, gleði og virðing ☺ Mikið af efninu er á moodle og allir kaflar settir upp í powerpoint design. Þeir nemendur sem eru skráðir veikir eða í leyfi á Innu þegar kaflapróf á sér stað geta tekið prófið í síðustu kennsluviku.

Kennsluvikur.	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum.
1. vika 20. - 28. ágúst	1. Afbrotafræði I og kenningar um félagslega sköpun	Krossaverkefni 1 Krossaverkefni 2 Krossaverkefni 3 Ritun 1 Verkefni (1-9) Heimasíðugreining 1
2. vika 31. ágúst - 4. sept.	2. Íslensk afbrotafræði	Krossaverkefni (4, 5 og 6) Ritun 2 Verkefni (10-24) 1. kaflapróf (kaflar 1-2) Heimasíðugreining 2
3. vika 7. - 11. september	3. Skipulögð glæpastarfsemi og vændi	Krossaverkefni 7 Krossaverkefni 8 Ritun 3 Verkefni (13-22) Heimasíðugreining 3
4. vika 14. - 18. september	4. Raðmorðingjar II	Ritun 4 Verkefni (52-61) 2. kaflapróf (kaflar 3 og 4) Heimasíðugreining 4
5. vika 21. - 25. september	5. Félagsleg staða og afbrot 6. Afbrot innan fjölskyldunnar	Krossaverkefni 9 Krossaverkefni 10 Ritun 5 Ritun 6 Verkefni (82-104) Heimasíðugreining 5 Heimasíðugreining 6
6. vika 28. sept. - 2. október	7. Þróun refsinga: Ísland á öld samfélagsmiðla	Krossaverkefni 11 Ritun 7 Verkefni (105-113) 3. kaflapróf (kaflar 5 og 6) Heimasíðugreining 6

Virðing, samvinna og árangur

<p>7. vika 5. -9. október</p>	<p>8. Afbrot á Íslandi í vestrænu samhengi 9. Afbrot í alþjóðlegum samanburði</p>	<p>Krossaverkefni 12 Krossaverkefni 13 Ritun 8 Ritun 9 Verkefni (114-126) 4. kaflapróf (kaflar 7-8) Heimasíðugreining 7 Heimasíðugreining 8</p>
<p>8. vika 12. – 16. október</p>	<p>10. Afbrot í fjölmiðlum</p>	<p>Krossaverkefni 14 Ritun 10 Verkefni (127-132)</p>
<p>9. vika 19. - 23. október vetrarleyfi</p>	<p>11. Afbrot og rafrænir miðlar</p>	<p>Krossaverkefni 15 Ritun 11 Verkefni (133-140) 5. kaflapróf (9-11)</p>
<p>10. vika 26. - 30. október</p>	<p>12. Afbrot og samskiptamiðlar</p>	<p>Krossaverkefni 16 Ritun 12 Verkefni (141-144)</p>
<p>11. vika 2. - 6. nóvember</p>	<p>13. Mannshvörf</p>	<p>Krossaverkefni 17 Ritun 13 Verkefni (145-154)</p>
<p>12. vika 9. - 13. nóvember</p>	<p>13. Mannshvörf</p>	<p>Krossaverkefni 18 Krossaverkefni 19 Verkefni (145-154)</p>
<p>13. vika 16. -20. nóvember</p>	<p>14. Ítrekunartíðni afbrota</p>	<p>Krossaverkefni 20 Ritun 14 Verkefni (155-163) Rökræður</p>
<p>14. vika 23. - 27. nóvember</p>	<p>15. Aðferðir til að draga úr afbrotatíðni</p>	<p>Krossaverkefni 21 Ritun 15 Verkefni (164-174) 6. kaflapróf (12-15)</p>
<p>15. vika 30. nóv. - 4. desember</p>	<p>Samantekt Upprifjun Endurtekt</p>	<p>7. kaflapróf (kaflar 1-15) Munnleg próf</p>

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf
Bogi Ragnarsson*